

UMÍS ehf. Environice
Arnheiður Hjörleifsdóttir
Bjarnarbraut 8
310 BORGARNES

2008020067
3511; 9310

Reykjavík, 23. apríl 2008

Efni: Efnistaka úr Hólabrú, Hvalfjarðarsveit. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Tak-malbiks ehf. og Vélaleigu Halldórs Sigurðssonar að matsáætlun um efnistöku úr Hólabrú í Hvalfjarðarsveit.

Skipulagsstofnun barst með bréfi UMÍS ehf. Environice dags. 17. mars 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Tak-Malbik ehf. og Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar. Hólabrú í Hvalfjarðarsveit - Efnistaka. Environice og Almenna Verkfræðistofan. Mars 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Hvalfjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 2. apríl 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 9. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 15. apríl 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. apríl 2008 og Vegagerðinni með bréfi dags. 3. apríl 2008. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 3., 14. og 15. apríl 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Tak-malbiks ehf. og Vélaleigu Halldórs Sigurðssonar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi

framkvæmdaraðila dags. 3., 14. og 15. apríl 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

Kostir og áfangar. Á bls. 6 í kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um kosti við fyrirhugaða efnistöku. Skipulagsstofnun telur í ljósi þess að fyrirhugað efnistökusvæði neðan núverandi þjóðvegur (Hringvegur) er mun meira áberandi frá Hringvegi en svæðið ofan vegar þurfi að fjalla um það sérstaklega. Í frummatsskýrslu er því nauðsynlegt að gera sérstaklega grein fyrir magni, áætlaðri vinnsludýpt, þykkt jarðvegs og umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar efnistöku neðan vegar og að gerð verði grein fyrir henni sem sérstökum kosti eða sem áfanga í þeim kostum sem framkvæmdaraðili hefur til skoðunar.

Jafnframt telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áætluðu efnismagni sem fengist ef kostur II yrði fyrir valinu.

Samræmi við aðrar framkvæmdir. Skipulagsstofnun bendir á að í greinargerð Spalar um ný jarðgöng undir Hvalfjörð var gert ráð fyrir að efni sem kæmi úr göngunum að norðanverðu yrði haugsett í námunni í landi Innri-Hólms. Skipulagsstofnun telur æskilegt að í frummatsskýrslu komi fram hvort og þá hvernig áform um haugsetningu samræmist áframhaldandi efnistöku á svæðinu.

Skipulag og leyfi. Í kafla 3.2 á bls. 8 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skipulagsáætlanir. Skipulagsstofnun telur ekki þörf á sérstöku deiliskipulagi fyrir námuna að því tilskyldu að unnin verði efnistökuáætlun í samræmi við aðalskipulag, sem m.a. greini frá því hvernig frágangi námunnar verði háttað.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Hvalfjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.